Orkuveitan

# Ársskýrsla 2023

## Viðaukar



Verndarsvæði. Tegundir fugla og plantna á válistum

Carbfix LJÓSLEIÐARINN ORKA NÁTTÚRUNNAR VEITUR

# Efnisyfirlit

Staðsetning og heiti lands í eigu, leigu eða umsjá OR samstæðu og er innan verndarsvæða ........................ 1

Tegundir fugla og plantna á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og válista IUCN á landi í eigu, leigu eða umsjá OR samstæðu ........................ 5

Fuglar ........................ 5

Plöntur ........................ 6

Ljósmynd á forsíðu: Íris Eva Einarsdóttir

# Staðsetning og heiti lands í eigu, leigu eða umsjá OR samstæðu og er innan verndarsvæða

OR samstæðan hefur umsjón með tæplega 19.000 ha lands og eru tæpir 16.000 ha innan verndarsvæða. Um er að ræða vatnsverndarsvæði, hverfisverndarsvæði, friðlýst svæði, verndarsvæði Þingvallavatns, svæði á náttúruverndaráætlun og svæði á náttúruminjaskrá. Verndarsvæði er unnt að nálgast í kortasjá: https://lukor.or.is/lukor/

| | ÖRNEFNI/STAÐUR | VATNSVERND | FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR | NÁTTÚRUMINJASKRÁ | HVERFISVERND Á SKIPULAGI |
|---|---|---|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | Bláfjöll - Heiðmörk o.fl. | Grannsvæði, fjarsvæði, öryggissvæði vegna grunnvatns og öryggissvæði vegna yfirborðsvatns. | | | Suðurá: Gróskumikið votlendi á flæðilandi, mikið fuglalíf. Hólmshraun: Mosagrónir og heillegir hraunflákar. |
| | Heiðmörk | Brunnsvæði Gvenndarbrunnar, Myllulækjar og Vatnsendakrikar. | Þingnes: Mannvirkjaleifar á fornum þingstað. Rauðhólar: Friðlýst sem fólkvangur 1974. Stærð 45 ha. | Myllulækjartjörn í Heiðmörk | Bugða og Rauðhólar: Gróskumikið votlendi á flæðilandi, mikið fuglalíf. Rauðhólar eru friðlýstur fólkvangur. Þeir eru leifar gervigíga í hrauni sem rann um svæðið fyrir 4500 árum. Á flæðilandinu meðfram Bugðu er gróskumikið votlendi, gróður þar er fjölbreyttur og fuglalíf mikið um varptímann. |
| | Elliðavatn | | | | Elliðavatn: Nánasta umhverfi, gróðurfar og fuglalíf. |
| Vesturland | Berjadalur, Slöguveita og Ósveita, Grábrók, Seleyri, Grund, Fossamelar, Steindórsstaðir, Svelgsárhraun | Brunnsvæði o.fl. | | | |
| Suðurland | Úthlíð | Brunnsvæði Bjarnarfell | | | |
| Hengill | Nesjavellir | Lög um verndun Þingvallavatns og vatnasvið þess nr. 85/2005 | | Hengilsvæðið vegna stórbrotins landslags og fjölbreytni í jarðfræðilegri gerð, m.a jarðhita. | |

| | ÖRNEFNI/STAÐUR | VATNSVERND | FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR | NÁTTÚRUMINJASKRÁ | HVERFISVERND Á SKIPULAGI |
|---|---|---|---|---|---|
| Nesjavellir | Dyrdalur<br>Sporhelludalur<br>Skeggjadalur | Vatnsból Grámel í Nesjahrauni, vatnsból Nesjavallavirkjunnar. Tvö vatnsból ásamt verndarsvæðum eru afmörkuð í Nesjalaugagili. | | | Dalverpi milli móbergshryggja. Sérstæðasti hluti Dyrafjalla. Hinn forni Dyravegur lá um dalina og í gegnum Dyrnar í Dyradal. Sporhelludal eru greinilegar götur meitlaðar í móbergið eftir umferð hesta og manna liðinna alda eins og nefna dalsins gefur til kynna. Dyrnar og Sporhellan eru í flokki söguminja. |
| | Fálkaklettar-Selklettar (gígaröð) | Grannsvæði | | | Samfelld og margbreytileg gjallgígaröð, sú heillegasta og merkasta á norðurhluta Hengilssvæðissins. Söguminjar tengdar elsta bæjarstæði Nesjavalla og selrústir undir Selklettum. |
| | Botnadalur, Illagil, Krummar | | | | Sterkt landslagsrými í Botnadal og vel varðveittar minjar um búsetu. Samfellt kjarrlendi í Illagili og austan Krumma. |
| | Skógarhóll, Eldborg og Grámelur | Grannsvæði | | | Merkar gosminjar í Nesjahrauni, mosaklæddu og kjarrvöxnu hrauni með fagurlega löguðum eldgígum. Eldborg er fagurlega lagaður gervigígur. |
| | Rauðstrýta og umhverfi | Grannsvæði | | | Kjarrvaxið og sprungið hraun með gíg og misgengi. |
| | Gíghólar austan Hveralækjar | | | | Athyglisverðar gígamyndanir sem hafa varðveist á vinnslusvæði Nesjavallavirkjunar. |
| | Nesjalaugargil<br>Köldulaugargil | Nesjalaugagil: Brunnsvæði og grannsvæði | | | Litríkt jarðhitasvæði með útfellingum og mörgum gerðum hvera og lauga. Mikilfengleg árgljúfur með fossum. |
| | Hagavíkurlaugar | | | | Vegna vaxandi vinsælda sem almennt útivistarsvæði verði settar almennar umgengisreglur á svæðinu. Bygging skála bönnuð, vegagerð og umferð vélknúinna farartækja takmörkuð, lausaganga hrossa bönnuð svo og meðferð skotvopna. |
| Kolviðarhóll | Engidalur<br>Hellisskarð | Vatnsból Hellisheiðavirkjunnar í Engidalskvísl vestan Húsmúla aðrennslisvæði vatnsbóla Ölfusi og Hveragerði | | | Misgengi í B/C hrauninu neðan við Hellisskarð. Það sneiðir brekkuna neðan við Búastein og á sama hátt Reykjafellsmegin. |
| | Stóra-Reykjafell | | | | Allt Stóra-Reykjafell en í fjallinu eru m.a. tveir stórir sprengigígar; Dauðadalur norðan í Reykjafelli og Hveradalir sunnan í fjallinu. Báðir gígarnir eru nánast óspilltir. Dauðadalur má heita ósnertur. |

| | ÖRNEFNI/STAÐUR | VATNSVERND | FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR | NÁTTÚRUMINJASKRÁ | HVERFISVERND Á SKIPULAGI |
|---|---|---|---|---|---|
| | Kolviðarhóll | | | | Fornleifar við Kolviðarhól sem njóta hverfisverndar - heimild um bústað, útihús, legstað, leið, túngarð,sæluhús, grettistak, mógrafir, túngarð, réttir,örnefni, áningarstaði, náttstað, útihús, vörslugarð, áletrun, fjarskýli, tóft, vörður, sögustað, þjóðsögur og útilegumannabústaði. |
| Hjallatorfan (Hellisheiði og Ölfus) | Eldborg undir Meitlum o.fl. | Fjarsvæði | Gamlar þjóðleiðir | Eldborg undir Meitlum. Stór gjallgígur. | Varðveita Hengilsvæðið sem náttúruverndar-og útivistarsvæði. |
| | Hellukofi, Varmá og Ölfusforir | | Hellukofi hlaðinn á árunum 1830-1840 friðlýstur fornleifi | Varmá og Ölfusforir. Ölfusforir eru víðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi. Varmá hefur mikið vísindalegt gildi. | Suðurgígarnir í B/C hrauninu sem er um 5800 ára gamalt. Um er að ræða lága gjall- og klepragíga sem eru óskemmdir. |
| | Vörður við Hellukofann, Þurá, D-hraun | Þurá: Grannsvæði | Vörður við götuna frá Hellukofanum og í austur | Fjörumörk vestan Þurárhnúks. Fjörukambar ofan við bæinn Þurá ofan við þjóðveg. Gleggstu minjar um sjávarstöðubreytingar í ísaldarlok á þessum slóðum. | Norðurgígarnir í D hrauninu sem er um 2000 ára gamalt. Um er að ræða lága gjall- og klepragíga sem eru óskemmdir. |
| | Þorlákshafnarsel<br>Eldborgir við Lambafell<br>Eystri-Þurá | Eldborgir við Lambafell: Fjarsvæði | Rústir Þorlákshafnarsels undir votbergi á Hellisheiði. Skjal undirritað af ÞM 20.01.1976. Þinglýst 16.06.1977 | Eldborgir við Lambafell. Formfagrar eldstöðvar frá sögulegum tíma. Eldvörpin, hrauntraðirnar frá þeim ásamt hrauninu umhverfis. | Fornleifar við Eystri-Þurá. Heimild um bústað, útihús og mógrafir (528;1-9) |
| | Meitlar<br>Eldborgarhraun<br>Skálafell | Fjarsvæði og grannsvæði | | | Útivistarsvæði milli Suðurlandsvegar, Þrengslavegar og Hjallatorfu. |
| | Breiðabólsstaður | | | | Fornleifasvæði sem njóta hverfisverndar - Breiðabólsstaður 544:1-44. Heimild um bústað, kirkju, útihús, túngarð, hjall, tættur, kvíar, rétt, fjárhús, leið, vað, áveitu, draug, áningastað, vörður, fjárskýli, sel, vörslugarð, mógrafir, mókofa, myllu, stekk og stekktún. |

| | ÖRNEFNI/STAÐUR | VATNSVERND | FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR | NÁTTÚRUMINJASKRÁ | HVERFISVERND Á SKIPULAGI |
|---|---|---|---|---|---|
| Ölfusvatn | Kýrgil<br>Ölkelduháls<br>Tjarnahnjúkur<br>Ölfusvatnsbærinn | Lög um verndun Þingvallavatns og vatnasvið þess nr. 85/2005 | Minjar í grennd við gamla Ölfusvatnsbæinn. | | Fjölbreytt hverasvæði, votlendi og árgljúfur. Ef til orkuvinnslu kemur á svæðinu þarf að vanda sérstaklega til allrar mannvirkjagerðar. Gamla bæjarstæði Ölfusvatns ásamt nánasta umhverfi. Fjölbreytt minjasvæði. |
| | Laki, Álftatjörn og Efri-Kattartjörn | Vatnsból á áreyrum Ölfusvatnsár á móts við starfsmannabúðirnar- vatn ódrykkjarhæft | Forn girðing, er nefnist Grímkelsgerði og stór þúfa í því nefnd leiði Grímkels, friðlýst árið 1898 | | Stórskorið og fjölbreytt landslag og jarðmyndanir; árgljúfur, gjallgígur, sprengigígar og hverir. Tjarnasvæði og votlendi. |
| | Ölfusvatnsárglúfur vestan Stapafells, ásamt bökkum. | Vatnból neðan árinnar í votlendi við tjaldsvæði - vatn ódrykkjarhæft | Jarðfastur grágrýtissteinn, með áletruninni VES+1736. Talið vera fangamark einhvers og ártal. Friðlýstur árið 1927 | | Stórskorið og fjölbreytt árgljúfur með sérstæðum rofmyndunum. Selrústir í Seltungum. |
| | Ölfusvatnsá, Villingavatnsá o.fl. | | | | Ölfusvatnsá og Villingavatnsá ásamt aðliggjandi votlendi og strönd Þingvallavatns. Bugðóttir árfarvegir, ósasvæði og votlendi vaxið víðikjarri. |
| | Lambhagi | | | | Tangi sem skagar út í Þingvallavatn og tengist landi með lágu eiði. Mikið útivistargildi og einstakt útsýni yfir Þingvallavatn. Forn hleðslugarður liggur þvert yfir eiðið. |
| | | | | | Hengilssvæðið. Vegna vaxandi vinsælda sem almennt útivistarsvæði verði settar almennar umgengisreglur á svæðinu. Bygging skála bönnuð, vegagerð og umferð vélknúinna farartækja takmörkuð, lausaganga hrossa bönnuð svo og meðferð skotvopna. |
| Bakki | | | | Varmá og Ölfusforir - Ölfusforir eru víðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi. Varmá hefur mikið vísindalegt gildi. | |

# Tegundir fugla og plantna á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og válista IUCN á landi í eigu, leigu eða umsjá OR samstæðu

## Fuglar

| Hættuflokkur á válista NÍ | Tegund | Svæði, sást síðast | Forsenda á válista NÍ | Staða á Evrópuválista | Staða á heimsválista |
|---|---|---|---|---|---|
| Útdauðir sem varpfuglar á Íslandi (EW) | Haftyrðill (Alle alle) | Heiðmörk, Helluvatn, 2005 | Hætti varpi á Íslandi um 1995 | LC (Least concern) | LC (Least concern) |
| | Keldusvín (Rallus aquaticus) | Heiðmörk, 2023 | Hætti varpi á Íslandi um 1970 | LC (Least concern) | LC (Least concern) |
| Tegundir í bráðri hættu (CR) | Skúmur Catharacta skua) | Heiðmörk, 2008 | Hefur fækkað mikið (A4abc) | LC (Least concern) | LC (Least concern) |
| Tegundir í hættu (EN) | Blesgæs (Anser albifons) | Heiðmörk, Hrauntúnstjörn, 2017 | Hefur fækkað mikið (A4a) | LC (Least concern) | LC (Least concern) |
| | Duggönd (Aythya marila) | Heiðmörk, 2023 | Hefur fækkað mikið (A2ab) | VU (Vulnerable) | LC (Least concern) |
| | Fýll (Fulmarus glacialis) | Heiðmörk, 2020 | Hefur fækkað mikið (A4abc) | EN (Endangered) | LC (Least concern) |
| | Haförn (Haliaeetus albicilla) | Heiðmörk, 2023 | Lítill stofn, <250 fuglar (D) | LC (Least concern) | LC (Least concern) |
| | Hvítmáfur (Larus hyperboreus) | Heiðmörk, 2017 | Hefur fækkað mikið (A2abc) | LC (Least concern) | LC (Least concern) |
| | Kjói (Stercorarius parasiticus) | Heiðmörk, 2023 | Hefur fækkað mikið (A4abc) | LC (Least concern) | LC (Least concern) |
| | Sendlingur (Calidris maritima) | Heiðmörk, 2005 | Hefur fækkað mikið (A2b) | LC (Least concern) | LC (Least concern) |
| | Svartbakur (Larus marinus) | Heiðmörk, 2022; Lítið sem ekkert frá 2000 | Hefur fækkað mikið (A2abc) | LC (Least concern) | LC (Least concern) |
| Tegundir í nokkurri hættu (VU) | Fálki (Falco rusticolus) | Heiðmörk, 2022 | Lítill stofn, <1000 fuglar (D) | LC (Least concern) | LC (Least concern) |
| | Gulönd (Mergus merganser) | Heiðmörk, 2023 | Lítill stofn, <1000 fuglar (D1) | LC (Least concern) | LC (Least concern) |
| | Himbrimi (Gavia immer) | Heiðmörk, Myllulækjartjörn, Hrauntúnstjörn, Elliðavatn, 2023 | Lítill stofn, <1000 fuglar (D1) | VU (Vulnerable) | LC (Least concern) |
| | Hrafn (Corvus corax) | Heiðmörk, 2023 | Hefur fækkað, >10% fækkun á 10 árum (A2abc, C1)) | LC (Least concern) | LC (Least concern) |
| | Húsönd (Bucephala islandica) | Heiðmörk, Helluvatn, 2013 | Lítill stofn, búsvæði minnkað (D2) | NT (Near threatened) | LC (Least concern) |
| | Kría (Sterna paradisaea) | Heiðmörk, Hrauntúnstjörn, 2023 | Hefur fækkað mikið (A2abc) | LC (Least concern) | LC (Least concern) |
| | Skeiðönd (Anas clypeata) | Heiðmörk, 2015 | Lítill stofn, <250 fuglar (D) | LC (Least concern) | LC (Least concern) |
| | Skógarsnípa (Scolopax rusticola) | Heiðmörk, 2023 | Lítill stofn, <1000 fuglar (D1) | LC (Least concern) | LC (Least concern) |
| | Snjótittlingur (Plectrophenax nivalis) | Heiðmörk, 2021 | Hefur fækkað mikið (A2abc) | LC (Least concern) | LC (Least concern) |
| | Tjaldur (Haematopus ostralegus) | Heiðmörk, 2023 | Hefur fækkað mikið (A4b) | VU (Vulnerable) | NT (Near threatened) |
| | Æðarfugl (Somateria mollissima) | Heiðmörk, 2020 | Hefur fækkað mikið (A2b) | VU (Vulnerable) | NT (Near threatened) |
| Tegundir í yfirvofandi hættu (NT) | Brandugla (Asio flammeus) | Heiðmörk, 2023 | Lítill stofn, <1000 fuglar (D1) | LC (Least concern) | LC (Least concern) |
| | Gargönd (Anas strepera) | Heiðmörk, Elliðavatn, 2013, Ölfusforir 2011 | Lítill stofn, <1000 fuglar (D1) | LC (Least concern) | LC (Least concern) |
| | Grafönd (Anas acuta) | Heiðmörk, Helluvatn, 2005 | Lítill stofn, <1000 fuglar (D1) | LC (Least concern) | LC (Least concern) |
| | Hávella (Clangula hyemalis) | Heiðmörk, 2012 | Ekki tiltekið | VU (Vulnerable) | VU (Vulnerable) |
| | Rjúpa (Lagops mutus) | Heiðmörk, 2023 | Ekki tiltekið | NT (Near threatened) | LC (Least concern) |
| | Stelkur (Tringa totanus) | Heiðmörk, Jaðar, Myllulækjarsvæði 2023 | Ekki tiltekið | LC (Least concern) | LC (Least concern) |
| Tegundir á heimsválista sem eru flækingar á Íslandi (NA) | Skutulönd (Aythya ferina) | Heiðmörk, 2015 | Ekki tiltekið | VU (Vulnerable) | VU (Vulnerable) |

*Skýrslur Hafsteins Björgvinssonar: Fuglar og önnur dýr á verndarsvæðum vatnsbóla Reykjavíkur, aðgengilegar á www.veitur.is*
*Hættuflokkar Alþjóðanáttúruverndarsambandsins IUCN, 2019: http://cmsdocs.s3.amazonaws.com/RedListGuidelines.pdf*
*Válisti fugla: https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla*
*Breytingar frá síðasta válista: https://www.ni.is/node/27342*
**Skýringar á forsendum: http://cmsdocs.s3.amazonaws.com/keydocuments/summary_sheet_en_web.pdf*

## Plöntur

| Hættuflokkur á válista NÍ | Tegund | Svæði, aldur á gögnum | Staða á heimsválista |
|---|---|---|---|
| Tegundir í nokkurri hættu (VU) | Laugadepla (Veronica anagallis-aquatica) | Hengilsvæðinu, 2005; Ölkelduháls, 2006; Hellisheiði, 2006 | LC (Least concern) |
| | Naðurtunga (Ophioglossum azoricum) | Miðdalur, 2005 og nágrenni við Ölkelduháls, 2001, 2005, 2006; Hellisheiði, 2006 | NE (Not evaluated) |
| Tegundir í yfirvofandi hættu (NT) | Grámygla (Filaginella uliginosa) | Nágrenni Ölkelduháls, 2005, 2006 Fremstadal, 2005, Hellisheiði 2006 | NE (Not evaluated) |
| | Eggjatvíblaðka (Listera ovata) | Heiðmörk, 2006 | NE (Not evaluated) |

*Válistaflokkun Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna:* [https://www.ni.is/node/3648](https://www.ni.is/node/3648)